

Fundur foreldrafélags GSS

Þriðjudaginn 5.febrúar 2013 kl. 18.

Mætt voru: Kolbrún, Sigfús, Sigrún, Dagný Ósk, Halla, Hildigunnur, Eydís, Guðrún Birna, Gyða, Joanna og Sigurður.

1. Formaður setti fundinn kl. 18.
2. Gunnar skólastjóri kynnti þau verkefni sem bekkirnir eru að fara í fram að vori. Menningarferð 5. bekkjar, Skíðaferð til Dalvíkur 25. -27. febrúar, Sælingsdalsferð 8. bekkjar sem nú stendur yfir, og væntanlega ferð 10. bekkjar næsta haust til Kolding.
3. Gunnar kynnti einnig skólaráðið og starfsáætlun þeirra.
4. Síldarhreinsun í Kolgrafarfirði – nemendum 5. - 10. bekkjar hefur verið boðið að taka þátt í þessu verkefni. Allir voru sammála um að þetta gæti kennt börnunum margt og viljum við gjarnan taka þátt. Umsjónakennarar og bekkjafulltrúar munu sjá um að skipuleggja. Nemendur fá greitt fyrir sitt framlag og fer greiðslan í bekkjarsjóði.
5. Öskudagur : Farið var yfir helstu atriði. Öskudagurinn verður með hefðbundnu sniði líkt og fyrra ár. Furðufataganga, skemmtun í íþróttahúsinu fyrir yngri bekkinga, ball í Tónó fyrir eldri bekkinga.
Haft verður samband við þau fyrirtæki sem tekið hafa þátt áður. Þau eru Dvalarheimilið, Bæjarskrifstofan, Sæferðir, sjúkrahúsið, Arion banki, TM, Skipavík, Anka og Lyfja. Einnig á að hafa samband við Bókaverzlun Breiðafjarðar og Sýsló. Furðufataganan hefst kl. 13:30 og verður undir stjórn Gunnars Svanlaugssonar. Foreldrar eru hvattir til að vera með í göngunni og gaman væri ef þeir gætu einnig verið í furðufötum. Öskudagshátíð hefst síðan í íþróttahúsinu kl. 16 – 17:30. Fulltrúar yngri bekkjanna sjá um þá dagskrá, þeir mæta kl. 15:30 til að undirbúa. Inngangseyrir eru 300 kr., innifalið í honum er þátttaka í hátíðinni, nammipoki og Svali. Börnin fá nammipokann og Svala að dagskrá lokinni. Stefnt er að því að fá Önnu Melsteð í myndatökur – það lukkaðist vel í fyrra.
Eldri bekkingar verða með ball í Tónó um kvöldið. Hildigunnur mun halda utan um kvöldskemmtunina. Guðfinna sér um að fá einhvern til að sjá um tónlistina fyrir unga fólkið. Foreldrafulltrúar eldri bekkinga mæta hálf tíma fyrir ballið eða kl. 19:30. Rætt var um að verðlauna fyrir skemmtilegasta búninginn á kvöldskemmtuninni.
6. Rætt var um hvaða fyrirlestra væri mögulega hægt að bjóða upp á fyrir nemendur og foreldra. Ekki var tekin ákvörðun um það að þessu sinni.

7. Heilsuvikan virðist hafa haft góðan árangur og skilað sér í heilsuvakningu hjá börnunum, hugmyndir eru uppi um að skoða hvort bjóða megi upp á ávöxt í áskrift fyrir þá sem það kjósa.

Fundi slitið kl. 19:30.

Fundargerð ritaði Sigrún A. Jónsdóttir.